

Mánudaginn 3. október 1960.

Nr. 133/1959. **Samvinnufélagið Björg**

gegn

Ágúst Fjeldsted f. h. Peter Hougaard,
Skeggja h.f. og Njáli Gunnlaugssyni og
Skeggi h/f

gegn

Samvinnufélaginu Björg, Ágúst Fjeldsted
f. h. Hougaard og Njáli Gunnlaugssyni.

Útivist. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Samvinnufélagið Björg, og gagnáfrýjandi, Skeggi h/f, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir in solidum stefnda Ágúst Fjeldsted f. h. Peter Hougaard, sem hefur sótt dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 2000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. október 1960.

Nr. 107/1960. **Bolli A. Ólafsson**

gegn

Samvinnufélagi rafvirkja.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunarkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. júní 1960, er barst dóminum 21. s. m. Krefst sókn-

araðili þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, að frávisunarkrafa hans í héraði verði tekin til greina og að varnaraðilja verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Bolli A. Ólafsson, greiði varnaraðilja, Samvinnufélagi rafvirkja, kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 30. f. m., hefur Samvinnufélag rafvirkja, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. janúar s.l., gegn Bolla A. Ólafssyni, Álfheimum 54, hér í borg, til greiðslu á kr. 20.000.00 með 7% ársvöxtum frá 28. janúar 1960 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 48.00 í stimpilgjald, kr. 116.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt vixli, að fjárhæð kr. 20.000.00, útgefnum af stefnanda 18. sept. 1958 og samþykktum af stefnda til greiðslu í Verzlunarsparisjóðnum, hér í borg. Gjaldþaga hafi ekki verið getið á vixlinum, og hafi hann því verið gjaldkræfur við sýningu. Vixillinn, sem sé áritaður „Tryggingarvixill“, hafi verið sýndur til greiðslu á greiðslustaðnum þann 28. janúar s.l., og þar sem hann hafi ekki fengið greiddur, hafi hann verið afsagður sama dag.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá hefur stefndi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda, hver sem úrslit málsins verða.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávisunarkröfu stefnda

þann 30. f. m., og er það atriði nú hér til úrlausnar. Báðir aðiljar kröfðust málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi hóf byggingu sambýlishúss við Álfheima, hér í borg, á árinu 1957. Mun stefndi hafa fengið keypta eina af íbúðum í húsi þessu. Um leið og stefndi fékk þinglýsta heimild fyrir íbúðinni, samþykkti hann fyrrgreindan vixil til tryggingar fyrir því, sem hann kynni að eiga vangreitt af verði því, sem hann átti að greiða fyrir hana, en það var þá ekki að fullu upp gert. Stefndi telur sig þegar hafa greitt það, sem honum hafi borið að greiða fyrir íbúðina, og sé stefnanda því óheimilt að innheimta víxilinn.

Við hinn munnlega málflutning studdi stefndi kröfu sína um frávísun þeim rökum, í fyrsta lagi, að málartilbúnaður stefnda væri svo ófullkominn, að um hreina vanreifun væri að ræða, sbr. 105. og 114. gr. laga nr. 85/1936, t. d. sé þess ekki getið í stefnu, hver hafi gefið víxilinn út fyrir hönd stefnanda, og þá hafi ekki verið eytt einu orði að því, hvaða þýðingu orðið „Tryggingarvíxill“, sem skráð sé á víxilinn, hafi fyrir úrslit málsins. Í öðru lagi rökstuddi hann frávísunarkröfuna með því, að krafan, sem á bak við víxilinn kann að liggja, sé ekki dóm-tæk, sbr. 69. gr. laga nr. 85/1936, þar sem bókhald allt viðvíkjandi húsbyggingunni sé nú í endurskoðun samkvæmt samningi, sem gerður hafi verið milli aðiljanna. Víxillinn hafi verið afhentur sem trygging, en ekki greiðsla, og sé stefnanda því óheimilt að krefja samþykkjanda um greiðslu á víxlinum, fyrr en lögskipti þeirra séu komin á það stig, að krafan, sem víxillinn á að tryggja, sé viðurkennd eða fyrir henni liggi dómur. Í þriðja lagi megi á það benda, að víxillinn hafi verið bundinn skilyrði með árituninni „Tryggingarvíxill“, sbr. 1. og 26. gr. víxillaganna, og njóti hann því ekki víxilréttar og hafi því borið að leggja málið til sátta fyrir sáttanefnd. Að lokum sé á það að líta, að stefnandi hafi ekki sýnt víxilinn innan ársfrestsins, sem tiltekinn sé í 34. gr. víxillaganna, og sé víxilréttur hans því fallinn niður fyrir vangeymslu.

Stefnandi, sem krefst þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið, kveður stefnda skulda meir en andvirði víxilsins, og sé honum því heimilt að innheimta víxilinn. Hefur stefnandi mótmælt því, að stefndi fái að koma að öðrum vörnum í máli þessu en heimilaðar eru í 208. gr. laga nr. 85/1936. Þá heldur hann því fram, að málið sé nægjanlega reifað, víxilkrafan sé dómtæk, enda hafi víxilrétturinn ekki fallið niður gagnvart stefnda, þótt

víxillinn hafi ekki verið sýndur innan ársfrestsins, sem tiltekinn sé í 34. gr. víxillaganna.

Eigi verður fallizt á það með stefnda, að orðið „Tryggingarvíxill“, sem skráð er á skjal það, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, skilorðsbindi svo skjalið, að það fullnægi ekki af þeim sökum formskilyrðum víxla samkvæmt víxillögunum nr. 93/1933. Telja verður, að skjalið sé víxill í skilningi fyrrgreindra laga, og var stefnanda því ekki nauðsynlegt að leggja málið fyrir sáttanefnd, sbr. 10. tl. 5. gr. laga nr. 85/1936. Þrátt fyrir það, að aðiljar máls þessa hafa ekki að fullu gert upp skuldaskipti sín í sambandi við umrædda íbúð, þá þykir ekki eiga að vísa málinu frá dómi samkvæmt 69. gr. laga nr. 85/1936. Þessi skilningur byggist á 17. gr. víxillaganna. Telja verður, að málsreifan af hálfu stefnanda sé ekki svo ábótavant, að vísa eigi málinu frá dómi af þeim sökum. Sú vörn stefnda, að víxillinn hafi ekki verið sýndur til greiðslu á réttum tíma, er efnisvörn, og kemur hún því ekki til álita í þessum þætti málsins. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Afstaða til málskostnaðar í þessum þætti málsins verður tekin við efnisdóm í málinu.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hin framkomna frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.
